



Borgaraping

Samantekt um helstu niðurstöður borgarapings Reykjavíkur sem fram fór í Tjarnarsal ráðhúss Reykjavíkur 6. september 2025 undir yfirskriftinni: Hvernig Reykjavík verður kolefnishlutlaus borg?

Október 2025

Tekið saman af ARCUR ráðgjöf


Inngangur

Frá 2009 hefur Reykjavíkurborg unnið með sérstaka loftlagsstefnu en árið 2022 varð Reykjavík ein svokallaðra „Climate Mission“ borga. Reykjavíkurborg er einnig þáttakandi í Evrópusamstarfi um 112 kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030.

Markmiðið með Evrópusamstarfinu er einnig að þessar borgir verði miðstöð rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar árið 2050.

Fyrsti loftslagborgarasamningur Reykjavíkur var undirritaður 7. október 2024 og fékk Reykjavíkurborg samninginn samþykktan við formlega athöfn á loftslagsráðstefnu í Vilnís í Litáen þann 7. maí 2025.

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2030 og að aðlögun að loftlagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti. Eitt af forgangsatriðunum eru samgöngur, þ.e. áhersla á breytingar á ferðamáta og að styrkja innviði fyrir almenningssamgöngur og gangandi og hjólandi vegfarendur.



Mynd 1. Kolefnisfótspor Reykjavíkur.



Samgöngur eru stærsta kolefnisfótspor Reykjavíkur. Einstaklingar geta lagt sitt af mörkum með því að endurskoða samgönguvenjur og draga úr notkun jarðefnaeldsneytis sem og að draga úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og endurvinnna það sem fellur til.

Kolefnishlutleysi var valið umræðuefni á borgarþingi sem haldið var í júní 2025 undir yfirskriftinni: Hvernig verður Reykjavík kolefnishlutlaus borg?

Fyrirkomulag borgarþingsins

Boðað var til borgarþingsins þann 6. september 2025 og stóð þingið yfir frá kl. 10-12:30 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Markmið borgarþingsins var að safna saman skoðunum og sjónarmiðum borgarbúa um hvernig megi í sameiningu stuðla að borg sem þjónar þörfum íbúa samhliða því að ná markmiðum um kolefnishlutleysi.

Auglýsingar og kynningar

- Boðað var til borgarþingsins með frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar þann 7. ágúst 2025, með fjögurra vikna fyrirvara, í samræmi við reglur um borgarþing. Fréttatilkynning var send út í kjölfarið.
- Útbúinn var viðburður á Facebook með upplýsingum um borgarþingið.
- Viðburði var deilt í hverfahópa á Facebook þegar leið að borgarþingi.
- Auglýsingar voru birtar í útvarpsauglýsingum dagana fyrir borgarþingið.

Dagskrá þingsins

- Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri opnaði þingið og bauð þátttakendur velkomna.
- Hrönn Hrafnisdóttir deildarstjóri loftlagsmála kynnti Loftlagsborgarasamning Reykjavíkurborgar.
- Ráðgjafar frá Arcur kynntu fyrirkomulag fyrir umræður á borðum og hópar fóru í umræður.

Í lokin var gengið á milli borða og fengið yfirlit yfir helstu umræðufleti og sjónarmið sem fram komu í umræðum.



Viðfangsefni þingsins

Á borgarapeninginu var unnið með fjóra flokka í umræðum og voru þátttakendur hvattir til að koma fram með sjónarmið í öllum flokkum.

Flokkarnir voru eftirfarandi:

1. Gönguborgin Reykjavík
2. Hjólaborgin Reykjavík
3. Útilífsborgin Reykjavík
4. Almenningsamgönguborgin Reykjavík

Á hverju borði voru vinnublöð fyrir hvern flokk fyrir sig þar sem eftirfarandi spurningar voru bornar upp:

1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið í dag sem þarf að viðhalda og ýta enn frekar undir?
2. Hvernig má betur koma til móts við þarfir borgarbúa með nýjum leiðum og/eða breyttri nálgun?

Helstu niðurstöður úr umræðum

Samantekt á helstu sjónarmiðum sem komu fram í umræðum á borðum.

Gönguborgin Reykjavík

Spurning 1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið okkar í dag sem þarf að vernda og ýta enn frekar undir?

- Þróun í uppbyggingu í forgangi, metnaður í lagningu göngu og hjólastíga.
- Grunninnviðir eins og gangstéttir og gangbrautir víða.
- Upphitaðir stígar.
- Göngustígar á grænum svæðum, fallegar gönguleiðir, fallegir göngustígar meðfram sjó og í gegnum græn svæði.





- Ánægja með stækkun á göngusvæðum miðsvæðis (t.d. Laugarvegur og Kvosin) í göngustígum á milli hverfa og sveitarfélaga (en merkingar vantar).
- Barnvæn hönnun á hverfum þar sem takmarkað þarf þarf að fara yfir stærri götur.
- Göngu- og hjólastígar á réttri leið.
- Gott samspil almenningssamgangna og göngustíga.
- Borgin verður sífellt grænni.

Spurning 2. Hvernig má betur koma til móts við þarfir borgarbúa með nýjum leiðum og/eða breyttri nálgun?

Innviðir

- Reglubundið viðhald á göngustígum, heildstætt.
- Betri skilti við göngustíga / vegvísar.
- Markviss vinna í endurgerð göngustíga innan hverfa að frumkvæði borgarinnar.
- Leggja göngustíga með tilgangi – skilgreina gönguása sem hægt væri að þjónusta betur.
- Samfelldir göngustígar.
- Efla samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu – tengja stíga heildstætt.
- Skilgreina stíga; Göngu-, hjóla-, reið- og hlaupastíga.
- Fleiri hverfi hönnuð með gönguvæna innviði – markmið að fólk geti farið langar leiðir án þess að fara yfir stærri götur.
- Fleiri göngubrýr.





Öryggi og aðgengi

- Huga að aðgengi fyrir fólk með fötlun, t.d. ójafnar hellulagnir.
- Setja fleiri bekkir og hærri bekkir fyrir eldra fólk.
- Víðsvegar er ekki nóg pláss fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur.
- Hættulegt þegar fólk hjólar hratt fram hjá gangandi og þetta á einnig við um Hopp-hjólin.
- Bæta lýsingu á gönguleiðum (m.a. snjallljósastýringar).
- Markvissari snjóbræðsla.
- Upphitaðar gönguleiðir fyrir utan þjónustumiðstöðvar í hverfum.
- Gæta þess að gangandi og hjólandi vegfarendum sé ekki beint yfir umferðarpungar götur - bæta öruggar göngupveranir.
- Koma í veg fyrir að göngu- og hjólastígar séu notaðir sem bílastæði eða til þess að stoppa og afferma.
- Vantar betri hjáleir fyrir gangandi í vegaframkvæmdum – getur skapast hætta.

Aðrar úrbætur og verkefni

- Mikilvægt að hafa skjól, tré og gróður til að veita skjól.
- Bæta umferðarmenningu og lýðheilsu í samvinnu við ríkið.
- Hjólarekkar við strætóskýli, efla tengingu við ólíka ferðamáta.
- Skoða skipulag til að hvetja til hverfisvænni verslana.
- Betri þétting til þess að nýta betur almenningssamgöngur og tryggja að vörur og þjónusta sé í göngufæri.
- Koma hjóla- og göngukortum í snjalltæki (Google Maps o.fl.).





Hjólaborgin Reykjavík

Spurning 1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið okkar í dag sem þarf að vernda og ýta enn frekar undir?

- Fjölgun hjólastíga jákvæð þróun, metnaður í lagningu hjólastíga.
- Almenn ánægja með hjólastíga og þjónustu við hjólastíga.
- Aðskilnaður á milli gangandi og hjólandi er jákvæð þróun.
- Hjólaleiðir farnar að vera lengri án blöndunar við bílaumferð, hjólastígar farnir að tengjast við fleiri staði og á milli sveitafélaga.
- Aukin meðvitund um mikilvægi þess að bæta aðstæður.
- Fjölgun hjólastæða.
- Komnar skýrari reglur um hjólandi í umferðarlögum.
- Hreyfing / útivera.

Spurning 2. Hvernig má betur koma til móts við þarfir borgarbúa með nýjum leiðum og/eða breyttri nálgun?

Innviðir og aðgengi

- Leita þarf leiða til að auka pláss fyrir hjólastíga í þéttari byggð.
- Bæta þarf úr innviðum hjólastæða.
- Forgangsgötur fyrir hjól – en bílar mega fara um hana eins og í Amsterdam (þar eru stæði fyrir bíla og hjól).
- Hjólastæði séu nálægt Strætó.
- Fleiri hjólastíga, þetta netið.
- Koma á hvötum til að safna hjólum saman á heita reiti.
- Fleiri yfirbyggð hjólasvæði fyrir utan stofnanir og íþróttamannvirki.
- Bæta hjólastaði, t.d. við strætóstoppistöðvar.



- Ýta undir hjólréiðar sem lífsstíl og að hjólréiðum sé gert jafn hátt undir höfði og öðrum fararmátum.
- Passa upp á betra rými milli göngustíga og gangstétta annars vegar og hjólastíga hins vegar, sérstaklega þar sem hraðinn er mikill.
- Hjólageymslur á áberandi stöðum.
- Hjólastígar án endalausra þverana.

Hjólréiðamenning

- Efla innviði í Úlfársdal/Korpu og kring en þar eru hestastígar – er hægt að bæta við hjólastígum við hliðina á?
- Þurfum að bæta hjólamenningu – t.d. hvernig merki eru gefin þegar fólk hjólar í umferðinni og í kringum aðra vegfarendur á stígum.
- Ýta undir góða hjólamenningu með hjólanámskeiðum í skólum – festa í aðalnámskrá.
- Þjóða upp á hjólakennslu fyrir fullorðna.
- Áskoranir varðandi hjólanotkun ungmenna, þar sem vaxandi hópar barna hjólar lítið eða ekki og á ekki hjól.

Öryggi og reglur

- Farlægja kanta við bílagötur.
- Skýra hvaða reglur og viðmið gilda um hjól í strætó.
- Endurskoða verklagsreglur og ná böndum á rafhlaupahjólum.
- Leita leiða til að draga úr þjófnaði á hjólum.
- Verklegar framkvæmdir – þá er oft fyrsta skrefið að þrengja að öllum öðrum fararmátum en bílaumferð og þar er hjólandi umferð oft fyrsta fórnarlambið.
- Öryggismerkingum og nauðsynlegum hjáleiðum er oft mjög ábótavant.
- Setja áfengismæla á rafskútur.
- Mætti kjarna 1,5m regluna betur og kynna.





- Gatnamót víða háskaleg þar sem hjólin víkja fyrir hagsmunum bílsins, s.s. miklar þrengingar á umferðareyjum.
- Merkja betur göngubrýr og hjólabrýr svo að fólk geti nýtt þær betur.

Borgarþróun og stefnumótun

- Hanna hjólastíga strax við skipulag hverfis.
- Hugsa heildstætt – vinna meira með öðrum sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu.
- Efla samráð við samtök hjólafólks.

Aðrir úrbætur og verkefni

- Efla vetrarþjónustu á stígakerfinu sem hefur þó skánað síðustu ár.
- Efla eftirlit með gæði þeirrar vinnu sem verktakar inna af hendi við snjóhreinsun.
- Endurskoða framsetningu stíga og leiða í borgarvefsjá.
- Of lítið gert til að hvetja fólk til hjólreiða.
- Hjólastígar á Google Maps – Open Maps – auglýsa fyrir almenning.
- Bæta aðgengi almennings að upplýsingum.
- Nýta betur opin gagnasöfn.
- Niðurgreiðsla á rafmagnshjólum.





Almenningssamgönguborgin Reykjavík

Spurning 1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið okkar í dag sem þarf að vernda og ýta enn frekar undir?

- Aukin tíðni ferða hjá Strætó – styður við almenningssamgöngur sem virkan ferðamáta.
- Rauntímaupplýsingar um hvar strætó er.
- Nýtt greiðslukerfi, hægt að greiða með korti og snjallsíma. Appið. Klappið.
- Fjölgun sérakreina fyrir strætó – strætó fær forgang.
- Fjöldi strætóskýla.
- Almenn bjartsýni í garð borgarlínu og vaxandi forgangsakreina.

Spurning 2. Hvernig má betur koma til móts við þarfir borgarbúa með nýjum leiðum og/eða breyttri nálgun?

Innviðir og aðgengi

- Strætóskýli
 - Fjölga strætóskýlum, bæta þau og bæta aðgengi að þeim.
 - Vistlegri og fallegri skýli.
 - Lokuð og skjólbetri skýli.
 - Upphитуð skýli.
 - Bæta notendaupplifun.
- Hjólastæði við stoppistöðvar.
- Tryggja betur aðgengi að stoppistöðvum t.d. í snjó
- Bæta öryggi vegfaranda í Mjódd / Grensás.
- Huga að almenningssalernum við stoppistöðvar.



Þjónusta og öryggi

- **Bílstjórar:**
 - Efla þjónustulund strætóbílstjóra.
 - Minnka akstursálag – bílstjórar oft í kappi við tíma á háannatíma.
 - Háskalegt aksturslag er of algengt.
- **Áætlunarakstur:**
 - Auka þarf tíðni enn frekar til þess að seinkun á strætó komi ekki að sök.
 - Passa upp á tengikerfi – að vagnar bíði þegar það á við.
 - Fleiri forgangsakreinar.
 - Tengja betur leiðakerfið við Heiðmörk, Bláfjöll og önnur útvistarsvæði.
- **Greiðslur**
 - Vantar aðgengilegar upplýsingar við hvert stopp hvernig á að borga – á íslensku og ensku.
 - Fleiri sölustaði fyrir Klappkort.
 - Vantar hvata til að fólk velji strætó – mjög dýr þjónusta.
 - Afslættir fyrir aldraða utan álagstíma.
 - Afslættir utan annatíma gæti orðið hvati til aukinnar notkunar.

Aðrar úrbætur og verkefni

- Mikilvægt að vita hvort ábendingar skili sér.
- Auka notkun rafmagns- og metanvagna.





Útilífsborgin Reykjavík

Spurning 1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið okkar í dag sem þarf að vernda og ýta enn frekar undir?

- Græn svæði hafa byggst upp sem fólk er byrjað að nýta.
- Grænu svæðin – Elliðaárdalur, Öskjuhlíð, Laugardalur – afar dýrmæt fyrir borgina.
- Frábært aðgengi að möguleika til hreyfingar og æfinga í almannarýmum í grænum rýmum.
- Ánægja með notkun náttúrulegra efna í leiktæki fyrir börn.
- Svæði til útivistar eru mörg.
- Skólarnir duglegir að nýta svæði borgarinnar.
- Heiðmörk, Hljómskálagarðurinn, Nauthólsvík.
- Frábær uppbygging í Bláfjöllum.
- Ánægja með einkaframtak varðandi aðstöðu til gönguskíða.

Spurning 2. Hvernig má betur koma til móts við þarfir borgarbúa með nýjum leiðum og/eða breyttri nálgun?

Útivistarsvæði / græn svæði

- Aðgengi að upplýsingum um hversu langt sé í næsta græna svæði – líka fyrir skólana.
- Hefja markvissa vinnu með að skipuleggja græn svæði og strandlengjuna með tilliti til fjölbreyttrar útivistar.
- Byggja þarf upp svæði til útínáms í öllum skólahverfum – auka aðgengi og fjölga svæðum
- Öskjuhlíðin er svæði sem má nýta betur.
- Efla Austurheiðar fyrir fjölbreytta útivist, hlaup, göngu og skíði.





- Sauna (finnsk/ungversk).
- Koma á öðrum baðstað eins og Nauthólsvík.
- Fleiri golfvelli.
- Fjölga skólagörðum til að auka aðgengi íbúa að því að rækta – nýta dauð svæði.
- Tré eru mörg að deyja vegna aldurs – átak í skógrækt og gróðurækt í hverfum.
- Aukin skógrækt, búa til meira skjól.

Aðgengi að útivistarsvæðum

- Tryggja aðgengi að Heiðmörk og öðrum svæðum í útjaðri borgarinnar.
- Vantar hjólastæði í Heiðmörk.
- Hólmsheiði (og Heiðmörk) – of mikill núningur milli ólíkra hópa; gangandi, ríðandi, hjólamenn – hver má vera hvar?
- Almenningsamgöngur um helgar? Vantar aðgengi fyrir börn o.fl. hópa.
- Bæta almenningsamgöngur að útivistarsvæðum s.s. Esjan, Helgafell, Bláfjöll, Nauthólsvík, Heiðmörk o.s.frv.
- Er gengið of langt í að malbika stíga þvers og kruss í Öskjuhlíð?
- Hugsa meira heildstætt, t.d. út frá sundlaugum.
- Hjólastígatengingar milli útivistarsvæða t.d. að Esjunni.

Þjónusta á útivistarsvæðum/grænum svæðum/almenningsvæðum

- Uppfylla reglur um kyrrlát svæði.
- Bekkir og aðstaða.
- Langtímastefnumótun.
- Fleiri salerni við fjölfarnar leiðir.
- Fleiri drykkjarbrunna (e. *drinking fountains*) fyrir almenning





- Næðisrými, æfingatæki setubekki til almenningsnota t.d. á Klambratúni og víðar.
- Spjallsvæði þar sem fólk getur sest og spjallað, t.d. steyptir stólar og upphitun á svæðum (hitarar).

